

Varamenn þingmanna Suðurlandskjördæmis:

Fyrir Alþýðubandalag: Ragnar Óskarsson

Fyrir Borgaraflokk: Ólafur Gränz

Fyrir Framsóknarflokk: Unnur Stefánsdóttir
Guðmundur Búason

Fyrir Sjálfstæðisflokk: Árni Johnsen
Arndís Jónsdóttir

Þetta birtist hér með samkvæmt 116. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 52 14. ágúst 1959, sbr. lög nr. 2 5. mars 1987.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. júlí 1987.

Nr. 320

3. júlí 1987

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Suðureyrarhrepps.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Suðureyrarhreppi, og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Suðureyrarhrepps nr. 225 26. maí 1977.

2. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta mánuð, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil	kr. 104,00
b. Vatnsgjald á mánuði	kr. 866,30
fyrir hvern mínútulitra á hámarksstillingu hemils.	

Á gjöld þessi leggst söluskattur og hliðstæðir skattar skv. gildandi lögum og reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafín mánaðarlega og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem hreppsnefnd ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 30 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Suðureyrarhrepps skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð. Eldri hús:

	Kr.
Fastagjald á heimæð með hemil, þrýstijafnara og slaufuloka	25 779,00
Rúmmetragjald 0—300 m ³ án gjalds	
gjald umfram 300 m ³ —1000 m ³	44,35 pr/m ³
gjald umfram 1000 m ³	29,60 pr/m ³

Ný hús (nýbyggingar):

Fastagjald á heimæð með hemil, þrýstijafnara og slaufuloka	58 752,80
Rúmmetragjald 0—300 m ³ án gjalds	
gjald umfram 300 m ³ —1000 m ³	44,35 pr/m ³
gjald umfram 1000 m ³	29,60 pr/m ³

7. gr.

Gjöld skv. 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hreppsnefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingarnar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hreppsnefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Suðureyrarhrepps hefur rétt til að loka aðrennsli að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 560,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Suðureyrarhrepps skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun heita vatnsins.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 190, 20. mars 1986.

Iðnaðarráðuneytið, 3. júlí 1987.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Guðrún Skúladóttir.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Þorlákshafnar.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Þorlákshafnar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það magn, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns, skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr. að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september—31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

- | | |
|------------------------------------|--------------|
| a. Samkvæmt magnhemli | kr. 1 313,00 |
| fyrir hvern mínútulíttra á mánuði. | |
| b. Samkvæmt vatnsmæli | kr. 65,95 |
| fyrir hvern rúmmetra vatns. | |

Þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.